



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100

154. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja haldinn 2. maí 1990.
Mættir: Guðmundur Björnsson, formaður, Sigríður Jóhannesdóttir, varaformaður, Gísli Torfason, ritari, Bogi Hallgrímsson, Guðjón Kristjánsson, Magnús Óskar Ingvarsson og Ægir Sigurðsson, skólameistari. Fulltrúi nemenda mætti ekki á fundinn en próf stóðu yfir.

1. Fjórðagagæð fyrir árið 1991.

Formaður dreifði yfirliti yfir áætlað námsframboð FS skólaárið '90 - '91 ásamt kennaraskrá og áætlun um deildarstjórn, stofu- og tækjaumsjón.

Skólameistari fjallaði nokkuð um áætlanir þessar. Kom fram að væntanlega verður skólahald með nokkuð venjulegum hætti. Breytingar á starfsemi skólans felast væntanlega í Fósturliðabraut, sérnámi á lönbraut netagerðar, Hársnyrtibraut 3. stig og Meistaraskóla. Gert er ráð fyrir 1160 kennslustundum á viku sem er svipað og nú. Skólinn fer sennilega af stað með lönbraut netagerðar án þess að til þurfi að koma sérstakur stofnkostnaður. Í Meistaraskóla verður kennt síðdegis með svipuðu fyrirkomulagi og öldungadeild. Fósturliðabraut er fyrirhuguð en brautin hefur þó enn ekki verið skilgreind af hálfu ráðuneytis og ekki bólur á brautarlúngu. Einnig eru réttindi þau er brautin veitir ekki nægilega skýr. FS sendi dagvistarstofnunum fyrirspurnir um væntanlega starfsþjálfun fósturliða. Mjög jákvæð svör hafa borist frá Njarðvík og Sandgerði en aðrir hafa enn ekki svarað. Nokkrar umræður fóru fram um þessi mál sem og sálfræði og kennslufræði þjónustu grunn- og framhaldsskóla.

Skólameistari gerði grein fyrir og sundurliðaði tækjalista þar sem heildaráætlun hljóðar upp á kr. 4.800.000.- Kvæð hann skólann gegnum tíðina einungis hafa fengið úthlutað hluta slíkra upphæða. Ekki hefur enn verið gengið frá greiðslunni vegna tækjakaupa á yfirstandandi skólaári.

Til viðhaldsverkefna eru áætlaðar kr. 2.400.000.- Kvæð skólameistari ekki enn komið fram hvaða upphæð skólinn fær á þessu ári. Kvæð hann erfitt að gera sér grein fyrir hvað setja beri inn þegar sundurliðun fæst ekki frá hinu opinbera til hvaða verkefna verið er að greiða.

Í B, C og F hlutum fjórðagatillagna er fjallað um launagjöld önnur en kennslu og rekstur. Hafa fjármálastjóri og skólameistari lagt mikla vinnu í að gera áætlun sem er raunhæf frekar en að breyta einungis gömlu tölunum. Til skólaaksturs eru áætlaðar kr. 5.700.000.-

Skólameistari lagði fyrir nefndina að sótt væri um hálfa stöðu til viðbótar á skrifstofu FS, heila stöðu fyrir aðstoðarmann á bókasafni og starf Sigurðar Steinssonar, húsvörðar verði nú fullt starf (þ.e. 100%) í stað 75%. Gæti hann þá annast viðhald fyrir sumarmánuðina. Gæti slíkt fyrirkomulag jafnvel orðið ódýrara. Til saman er hér um að ræða aukingu um 1,75 stöðu sem er innan ramma hinna nýju framhaldsskólalaga. Skólanefnd fannst sjálfsgætt að sækja um stöðurnar.

Formaður skólanefndar kvað tillögurnar vel unnar og nokkuð hefðbundnar. Sjálfstætt væri að reka meistaraskóla a.m.k. öðru hvoru. Taldi hann almenna rekstrarlíði venjubundna.

Skólameistari skýrði nefndinni frá einhliða hækkun leigugjalds í íþróttahúsinu í Keflavík. Hafi leigan verið hækkuð úr kr. 1.500.- í kr. 2.400.- fyrir 50 mínútur í litlasal á miðju samningstímabili.

Skólameistari ritaði íþróttaráði bréf þar sem mótmælt var vinnubrögðum og talið óeðlilegt að hækka leigu á "litla sal" eftir á. Má ljóst vera að sá salur nýtist alls ekki eins vel og sá stóri og varla líklegt að FS hefði tekið hann á leigu ef þessi mál hefðu verið ljós í upphafi.

Nokkrar umræður fóru fram í nefndinni af þessu tilefni. Ákveðið var að ræða við Guðfinn Sigurvinsson, bæjarstjóra í Keflavík vegna þessara mála sem og fósturliðabrautar og skólaaksturs.

Eftir nokkrar umræður afgreiddi skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja framkomnar tillögur til fjárlagagæðar fyrir árið 1991, sem sínar.

2. Akstur.

Guðmundur Björnsson, formaður skólanefndar, hafði framsögu um akstur nemenda til og frá skóla. Reifaði hann tilhögun þessara mála fram að þessu. Hingað til hafa sveitarfélög á Suðurnesjum alfarið staðið straum af hluta nemenda af skólaakstri en afgangur hefur skipst að jöfnu milli ríkis og sveitarfélaga. Nú um áramótin varð sú breyting að ríkið yfirtók aksturinn. Var ákveðið að nemendur greiddu sjálfir sinn hluta kostnaður þ.e. sem næmi einu strætisvagnafargjaldi hjá SVR. Farþegar í skólaakstri hafa orðið færri en áætlað var og því hafa gjöldin ekki skilað sér svo sem ráð var fyrir gert. Fjármálin ráðist þá af því hvernig ríkið tekur á málum.


Miklar umræður fóru fram í nefndinni um þessi mál. Óskaði nefndin eftir því að tekin yrði samæn skýrsla um hvernig aksturinn hefði gengið í raun. Skólameistari upplýsti að hver dagur í skólaakstri kostaði rúmlega kr. 30.000.- Formaður kvað skólann hafa nokkra sérstöðu meðal framhaldsskóla á Íslandi því mjög margir nemendur væru fluttir daglega milli byggðarlaga vegna skólagöngu sinnar.

Formaður lagði fram þá tillögu að skólanefnd geri þá skýlausu kröfu að ríkið greiði allan kostnað sem umfram verður í skólaakstri FS og að greiðslan verði ekki tekin af öðrum rekstrarliðum. Var tillagan samþykkt samhljóða.


3. Önnur mál.

Í dag (2. maí 1990) er fyrrum skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Jón Böðvarsson, sextugur. Skólanefnd sendir honum bestu afmæliskveðjur og óskar honum velfarnaðar í lífi og starfi ásamt þakklæti fyrir hans ágætu störf að skólamálum á Suðurnesjum.

Fleira var ekki gert, fundi slitið.



Gísli Torfason,
áfangastjóri.



Guðmundur Björnsson,
formaður skólanefndar.